

Stöð í Stöðvarfirði

Fornleifarannsóknir á skála frá 9. öld og fleiri rústum

Skýrsla II



Bjarni F. Einarsson
2017

Forsíðumyndin sýnir aðra hlið myntarinnar sem fannst í reit B. Um er að ræða arabíska mynt frá byrjun 10. aldar. (Ljósm. Sandra Sif Einarsdóttir, Þjóðminjasafni Íslands).

FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Janúar 2017.

1 Inngangur

Rannsóknirnar á Stöð sumarið 2016 voru í beinu framhaldi af forrannsókn sem fram fór haustið 2015, en niðurstöður hennar lofuðu afar góðu um spennandi rannsóknir á Stöð. (Bjarni F. Einarsson 2015(b)). Áhugi heimamanna á frekari rannsóknum kynti undir áhuga undirritaðs, sem nógur var reyndar fyrir. Úr varð að sótt var um rannsóknarfé til Fornminjasjóðs, auk þess sem sótt var um aðstoð vítt og breytt um Fjarðabyggð. Stofnaður var áhugahópur um rannsóknirnar á Fésbókinni (Fornleifarannsóknir í Stöðvarfirði) og tók hópurinn sig saman um að annast ýmis konar fyrirgreiðslu fyrir rannsóknirnar. Hann sá um húsnæðismál, mat og lagði til ýmis verkfæri. Styrkur fékkst frá sveitarfélaginu og nokkrum fyrirtækjum og einstaklingum eins og sjá má hér að neðan.


Rannsóknirnar fóru fram dagana 15. ágúst til 10. september síðastliðinn. Rústirnar eru nr. 16:1 í fornleifaskrá Fjarðabyggðar (Fornleifaskrá). Við rannsóknirnar unnu, auk undirritaðs, fornleifafræðingarnir Ármann Dan Árnason, Hermann Jakob Hjartarson, Leif Gren, Kalle Thorsberg, Louise Olsson og Magnus van der Luft. Einnig tóku þátt fornleifafræðinemarnir Indriði Skarphéðinsson, Rannveig Þórhallsdóttir, Sigurður Snæbjörn Stefánsson, Svavar Nielsson og Atli Rúnarsson. Fjögur hin fyrstnefndu tóku þátt í verkefninu sem hluta af námi sínu við Háskóla Íslands til eininga. Að síðustu tók Þorgeir Eiríksson, áhugamaður um rannsóknirnar þátt í rannsóknunum.

Samstarfsmönnum mínum og þeim einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum sem lögðu hönd á plóginn á einn eða annan hátt, þakka ég góða samvinnu og góða viðkyrningu. Enginn nefndur og enginn gleymdur.

Á tæplega 40 ára starfsferli hefur undirritaður nær aldrei fundið fyrir jafn miklum áhuga heimamanna á rannsóknum og jafn mikilli velvild sem þeir sýndu okkur þátttakendum rannsókna. Slíkt hjálpar afar mikið á þeirri vegferð sem nú er hafin á Stöð. Fornleifarannsóknir eru langtímaverkefni og getur verið erfitt að halda athyglinni í langan tíma þegar árunum fjölgar og lítið kann að virðast vera að gerast.

2 Markmið

Markmið þessa árs var að staðfesta að um skála kynni að vera að ræða á staðnum, en langtíma markmið rannsókna á Stöð eru einkum tvíþætt. Í fyrsta lagi að kanna hvort um hefðbundið landnámsbýli sé að ræða eða útstöð skömmu fyrir hið hefðbundna landnám. Til að varpa ljósi á það eru aldursgreiningar afar mikilvægar og fjöldi og tegund þeirra húsakynna sem kunna að finnast á staðnum. Einnig er gripaflóra mikilvæg í þessu sambandi. Hvað finnst og hvað finnst ekki? Í öðru lagi er stefnt að því að gera staðnum skil fyrir gesti og gangandi hvort sem það verður gert með því að byggja rústirnar upp í nágrenninu, setja upp upplýsingaskilti og/eða rita bækling/greinar um niðurstöðurnar.



Mynd 1. Túnakort sett ofan á loftmynd og fornar rústir teiknaðar ofan á. Skammt hægra megin við smáhýsið (tæplega 2 sm) er hugsanlega annað ögn stærra smáhýsi. (Túnakort. Loftmynd: Björgvin Valur. Samsetning túnakorts og loftmyndar: Þorgeir Eiríksson. Teikning og skýringar BFE. Norður vísar skáhallt upp t.v.).

3 Staðhættir

Rústirnar eru um 30 - 40 m sunnan við gamla kirkjugarðinn í Stöð í sléttuðu túni á lágum hól eða hrygg. Í túninu eru bollar og lautir og dálítið mishæðótt. Sjá má nokkrar hugsanlegar rústir, auk hins meinta skála, á loftmyndum sem teknar hafa verið með drónum á árinu. Samkvæmt túnakorti frá 1920 hefur rústin legið á mörkum túns og haga eða móa. Túnið kallast Neðratún (Örnefnaskrá).

Ofan við og rétt innar í dalnum er Jafnidalur sem úr rennur Þverá. Í mynni Jafnadals er talsvert gljúfur sem áin rennur um og svo virðist sem áin hafi á stundum flætt yfir svæðið vestan eða innan við rústirnar og líklega skemmt þær að hluta. Sjá má í sniðum víðsvegar á svæðinu að flóð hafa verið stór áður fyrr og með þeim komið mikið af sandi sem flætt hefur yfir Tanga, Mýrarnar og Út á grund, nær ánni. Sömuleiði er líklegt að lækir hafi flætt yfir tún í vatnavöxtum, en nú hefur verið komið böndum á þá og renna þeir fyrir ofan bæinn í Þverá og svo áfram niður í Stöðvarfjarðará.




Mynd 2. Yfirlit yfir reiti A - C þegar handvirkur gröftur var að byrja. Fremstur er reitur A, þá B og loks C. Þvert á reit A má sjá dökka slikju, en það er lagið með gjósku frá Veiðivötnum 1477 og rétt undir var ljós gjóska úr Öräfajökli 1362. (Stafrænar myndir nr. 32. Horft mót NV. Ljós. BFE 2016).

Auk líklegra skemmda á rústunum af völdum flóða í ám og lækjum, hefur svæðið verið sléttað á seinni árum og líklega hefur ýta jafnað svæðið þegar það var brotið upp í tún. Við það hafa yngstu rústirnar skemmst býsna mikið og aðeins slitur eftir af sumum.

4 Rannsóknin

Ákveðið var að grafa þrjú jafnstóra aflanga reiti með tveggja metra millibili þvert á rústina. Var hver reitur 4 x 8 m og þeir skírðir reitur A - C. Var reitur B hafður 2 m sunnar en reitur A og reitur C tveimur metrum sunnar en reitur B. Þannig lágu þeir eins og tröppugangur yfir rústina. Var suðaustur horn reitar A skilgreint sem X 100 Y 200. Hæðarpunktur var valinn á leiði inni í kirkjugarðinum og hann ákvarðaður 10 m yfir sjávarmáli. Notuð var lítil vélgrafa til að fletta grasrótinni ofan af reitunum og snemma kom í ljós að það var ekki hægt að grafa mjög djúpt með henni vegna grjóts úr veggjum. Tók þá við handvirkur gröftur sem eftir var tímans.


Sett var upp eigið hnitakerfi og var hæll við suðausturhorn reitar A skírður X 100 Y 200 eins og áður greinir. Einnig var ferhyrnt tommurör rekið niður norðan við reitina og nýttur sem hæðarpunktur. Var hæð hans mæld 6,07 m yfir sjávarmáli miðað við hæðina á legsteininum í kirkjugarðinum.



Mynd 3. Flatarteikning af reitunum þremur sem rannsakaðir voru. Teikningin sýnir fyrsta fasa uppgrافتarins, þ.e.a.s. eftir fyrstu umferð hans. Grátt sýnir steina, grænt eru torfveggir.

Byrjað var á því að grafa í þunnum lögum og þannig koll af kalli. Með reglulegu millibili var dróna flogið yfir og hvert svæði fyrir sig ljósmyndað, en slík flug voru samtals a.m.k. sjö yfir öllum reitunum, en í reit A voru þau átta og í reit C voru þau níu. Stafar þetta af því að reitirnir voru misflóknir og ekki alltaf tilbúnir á sama tíma. Reitur B var reita flóknastur og reitur C einfaldastur. Í þessari skýrslu er látið nægja að teikna fasa 1, fasa 5 og fasa 7/8.

Ekki þótti ástæða til að teikna snið, það er látið bíða næsta sumars nú þegar liggur sæmilega fyrir hvernig húsin liggja í samhengi við hvort



Mynd 4. Flatarteikning af reitunum þremur sem rannsakaðir voru. Teikningin sýnir fimmta fasa uppgraftarins. Í reit C sést Hús 1 og grjóthrúgurnar tvær sjást innan við (t.h.) vegg húsins. Í reit B er umgjörðin um hina meintu tunnu og steinar í dyrum (húss 2?) sýndir með dökkgráum lit. Milligrár litur sýnir gólfhellur innan við hugsanlegar dyr í sama húsi. Þetta mannvirki gæti einnig verið hluti af innréttingu í húsi 3. Bleiki liturinn sýnir malarkjarna í vegg húss 2, og sambærilegur malarkjarni sást einnig í yngri veggjunum í reit A (sjá t.d. mynd 6).

annað. Þegar búið var að opna reitina og hreinsa voru þeir teiknaðir í mælikvarðanum 1:50, en að öðru leyti voru drónamyndir notaðar sem undirlag við teikningar sem gerðar voru í tölvu. Aðeins var notuð stafræn myndavél til ljósmyndatöku eftir því sem rannsóknunum leið fram (Canon EOS 550D).

Allir gripir fengu sitt einstaka númer og voru þeir mældir inn í hnitakerfi og hæðarmældir. Nær allir gripirnir voru ljósmyndaðir á vettvangi og þær myndir eru notaðar í þessari skýrslu, nema annað sé tekið fram. Í einstaka tilfellum voru fleiri en einn gripur undir sama númeri.


Viðargreiningar annaðist dr. Ólafur Eggertsson á Mógilsá, Rannsóknarmiðstöð Skógræktar ríkisins. Gjóskugreiningu annaðist prófessor Þorvaldur Þórðarsson, eldfjallafræðingur í Háskóla Íslands. C-14 greining var framkvæmd hjá Beta Analytic Inc. í Florida, USA. Greining á arabísku myntinni annaðist Sigurður Helgi Pálmason á Myntsafni Seðlabanka Íslands. Öllum þessum aðilum eru þökkuð aðstoðin.

Reitur A

Reiturinn var staðsettur þannig að hann náði yfir prufuskurðinn frá 2015. Var þess freistað að hann næði þvert yfir elsta húsið (Hús 3) sem þá fannst. Það tókst ekki alveg vegna þess að húsið reyndist ögn breiðara en reiknað var með, en þó náði reiturinn þvert yfir húsið að innanverðu og vel út á veggina.

Munar aðeins nokkrum tugum sentimetra að reiturinn næði út fyrir veggina. Því var ekki hægt að segja nákvæmlega til um breidd veggjanna í þessum reit, en hún er áætluð um 1,2 m á vegg elsta hússins sem þarna er og um 1,2 - 1,4 á því yngri (Hús 2) ef marka mátti það sem sást í reitnum. Í reit B var breidd á vegg yngra hússins allt að 1,6 m sem er hugsanlega ofmat (veggurinn gæti hafa flast út).

Þegar búið var að hreinsa yfirborðið eftir að vélgrafan hafði grafið efstu lögin í burt kom í ljós dökkur skuggi með ljósum og dökkum gjóskulögum þvert yfir reitinn (sjá mynd 2). Gjóskulögin voru frá Veiðivötnum 1477 og Örafajökli 1362. Hafa þau fallið ofan í laut sem þarna var eftir að húsin sem undir fundust voru löngu orðin að rústum úti í haga eða móa. Ofan á þessum lögum lágu torfsneplar úr óþekktu húsi sem byggt hefur verið eftir að gosið varð 1362 og áður en gosið varð í Veiðivötnum 1477, því gjóskulag úr Örafajökulsgosinu voru í sneplunum, en ekki úr Veiðivatnagosinu. Hugsanlega stóð hús þetta eða mannvirki (ónúmerað) í allra næsta nágrenni. Þetta voru góð fyrirheit um að við værum á réttri leið.



Mynd 5. Yfirlit yfir hið forna rústasvæði á Stöð í Stöðvarfirði. Er svæðið u.þ.b. fyrir miðri mynd undir trjágróðrinum sem er í kirkjugarðinum. (Stafrænar myndir nr. 27. Horft mót ANA. Ljósmynd BFE 2015).



Mynd 6. Norðurveggir húsa 2 og 3 í vestursniði reitar A, nyrst. Sjá má að veggur húss 3 er talsvert þynnri en veggur húss 2, enda líkur til þess að eldri veggurinn hafi verið snyrtur til þegar yngra húsið var byggt. Stóru hvítu pílnar sýna sýnatökustaði. Einnig voru sýni tekin úr yngri veggnum. Líkur eru til þess að raskaða lagið til hægri á myndinni sé kjarni úr mól í yngri veggnum, eins og sást í suðurveggnum. Eins og sjá má liggur eldri veggurinn nánast beint ofan á malarlagi sem hefur verið túlkað sem forn skriða. Mælistikan er 40 sm. (Stafrænar myndir nr. 211. Horft mót NV. Ljós. BFE 2016).

Við sinn hvorn enda reitarins komu svo veggir næst elsta hússins í ljós og reyndust þeir liggja nánast beint ofan á veggjum elsta hússins og erfitt að sjá muninn á þeim á fletinum. Munur sést þó á veggjunum í sniði. Tekin voru tvö gjóskusýni (eða meint gjóskusýni) úr báðum veggjum (sýni 7 - 10 auk sýnis 11 undir eldri veggnum).

Þegar rannsóknum lauk hafði verið grafið niður á gólfið í elsta húsinu á nokkrum stöðum, en lítið sem ekkert í þau. Samkvæmt þrúfuskurði sem grafinn var 2015 er það um 1 - 3 sm á þykkt. Gólfið í næstelsta húsinu var afar slitrótt og ekki gerlegt að skilja gólfin að, en sjá má yngra gólfið í sniði þrúfuskurðarins frá 2015 og þar var það fáeina sentimetra ofan við gólfið í elsta húsinu. Var það um 1 - 2 sm á þykkt eða aðeins þynnra en eldra gólfið. Skýringin á þessu vandamáli er líklega sú að afar stuttur tími hefur liðið á milli bygginga húsanna og þegar yngra húsið var byggt hafi verið hreinsað ofan af áfoki sem legið hefur ofan á eldra húsinu.

Báðir veggirnir voru að stofni til úr torfi, en munurinn fólst í því að yngri veggurinn hafði einfalda grjóthleðslu að innan og utan í suðurvegg, þó ekki í norðurvegg (var hún a.m.k. tvöföld á hæðina í reit B). Báðir veggirnir eru hlaðnir með þverstreng, en það er mjór strengur, sem hlaðinn er þvert á vegginn (Bjarni Einarsson 2015:226-38). Í vestursniði reitsins mátti sjá



Mynd 7. Fasi 8 í reit A, lokafasinn. Á myndinn má sjá gólfög húsa 2 og 3 og ókláraða bletti á milli þeirra. Miklar rigningar gengu yfir um það leiti sem myndin var tekin og skilur hún eftir moldarslikju til vinstri. Til hægri má sjá malarbakkann sem veggir húsanna stóðu á og sniðið á fyrri myndinni sést uppi til hægri. Sjá má hvar gólf mætir torfvegg t.v. á myndinni og bogadregna vegglinu. (Drónamynd. Ljós. BFE 2016).

báða veggina og slútar sá yngri aðeins fram yfir þann eldri (sjá mynd 6). Hugsanlega er renna undir miðjum veggnum (sbr. ljósm. nr. 76) og lá hún með honum eða í sömu stefnu og hann. Líklega hefur hún verið til að taka við vatni!

Í gólfi eldra hússins fundust tvær pinnaholur við sinn hvoran vegginn. Líklega mun þeim fjölga þegar grafið verður í gegnum gólfið. Gólfið var fullt af viðarkolum, sóti, ösku og einstaka brenndum beinum. Óbrennd bein fundust vart, en þau mjög fáu sem þrátt fyrir allt sáust voru eins og smjör og ógerningur að bjarga þeim.

Þétt upp við innanverðann vegginn á eldra húsinu að sunnanverðu voru tvær stoðarholur. Stundum geta slíkar stoðarholur verið vísbendingar um að dyr hafi verið á veggnum, en það er ekki raunin í þessu tilfalli. Stoðarholurnar eru líklega leifar af einhverju innra mannvirki sem verið hefur í húsinu, t.d. þiljað rými eða að hluti veggjar hafi verið þiljaður. Aðrar vísbendingar um innri mannvirki í reit A fundust ekki fyrir utan pinnaholurnar.

Ekki hafa enn komið í ljós svo að öruggt sé set eða pallar og engar innri stoðarholur hafa fundist, ekki heldur stoðarsteinar sem líklega hafa verið í stað stoðarhola. Þó var nokkur halli á húsunum frá norðurvegg og inn í húsið og gæti það verið vísbending um set. Slíku var ekki til að dreifa við suðurvegginn. Þó getur þetta breyst þegar miðja húsanna (Hús 3) verður grafin, hún virðist liggja neðar og þá er um set að ræða við langhliðarnar, allavega á kafla eða köflum.

Í reitnum voru samtals 66 fundanúmer skráð. Fyrsti gripurinn fannst 2015 og var það hringlaga bronsgripur með gati. Hefur hann þjónað sem men, en gæti hafa verið rómverskur peningur að upplagi. Ekki hefur reynt unnt að sannreyna það sökum þess hve eyddur gripurinn er á yfirborði. Er hann líklega úr efra gólfinu. Aðrir gripir eru 11 smá klébergsbrot, 10 naglar (þar á meðal líklega einn bátssaumur), sex járnskinnur, fjórir járnteinar, ein járnlykkja, ein hóffjöður!, 18 ógreinanlegir járnsmolar, 20 flögur og kjarnar úr jaspis, ópál, glerhalli, geislasteini og innlendum steini, þrjár perlur (tvær úr gleri og önnur þeirra gullhúðuð og ein úr kreolíti), fimm brýni úr erlendu flögubergi (norsku?), hugsanlega tafla úr hnefatafli og silfurhringur. Fjallað verður nánar um gripina hér á eftir.

Auk fimm gjóskusýna (sýni 7 - 11) sem tekin voru í reit A voru tvö viðarkolasýni tekin (sýni 4 - 5). Viðarkolin voru greind til tegundargreiningar og þá greiningu annaðist dr. Ólafur Eggertsson jarðfræðingur á Mógilsá, Rannsóknarmiðstöð Skógræktar ríkisins. Bæði sýnin voru úr birki, en árið 2015 hafði einnig fundist moli úr barrtré. Próf. Þorvaldur Þórðarson greindi gjóskuna og gerð verður grein fyrir niðurstöðum greininganna í viðeigandi kafla hér að neðan.

Reitur B

Staðsetning reitarins markaðist af því að tryggja skyldi að farið yrði út fyrir hugsanlega vegg elstu húsanna tveggja að sunnanverðu og því var reitnum hnikað til um tvo m til suðurs. Einnig var tveggja m breitt belti skilið eftir



Mynd 8. Fasi 7 í reit B. Hér má sjá leifar af gólfinu í húsum 2 og 3 (svartir blettir), en ekki er hægt að skilja þau að að sinni. Ytri grjóthleðslan til vinstri gæti verið úr túngarði, en sú hægra megin við hana er úr húsi 2, næst yngsta húsinu. Einnig má sjá malarkjarnann í þeim vegg rétt innan við steinaröðina. Ef grannt er skoðað sést rof á veggnum skammt ofan við malarkjarnan. Þar hafa verið dyr á báðum húsunum. Í horninu uppi til hægri sjást meintar dyr á húsi 2, eða hluta af innréttingu í húsi 3. Niðri hægra megin við sniðið má sjá hellur sem liggja í elsta gólfinu og ekki ljóst hvaða hlutverki þær gegna, nema ef þær séu langeldur af óvenju breiðri gerð. (Drónamynd. Ljós. BFE 2016).

ógrafið á milli reitanna. Suður veggur næstelsta hússins kom vel í ljós og breidd hans reyndist um 1,6 m að steinhleðslunni meðtaldri. Ekki var grafið niður úr honum að eldri veggnum sem liggur undir eins og fram kom hér að framan. Það bíður næsta sumars.

Í reitnum sunnanverðum fundust tiltölulega ungar minjar eftir mannvirki hvers hlutverk er ekki á hreinu (Hús 1 eða túngarður). Var mannvirkið (veggurinn), illa farið, trúlega vegna jarðýtu sem sett var á svæðið á fyrri hluta síðustu aldar. Upp við sniðið að vestanverðu var hringlaga mannvirki sem líktist um margt sáfari, en það var lítið sem ekkert eftir af því. Var um einfalda steinaröð að ræða í hring. Sennilegt er að mannvirkið hafi verið undir eða utan um tunnu sem staðið hefur á gólfi eða því sem næst, en ekki sáfar vegna þess hve grunnt það er. Hins vegar er ekki ómögulegt að þetta sé botn á sáfari og húsið sjálft farið þegar ýta var sett á svæðið. Þá er þetta fjórða og yngsta húsið á staðnum. Sé svo hefur hús staðið þarna með tunnu upp við vegginn í horni þess, en ekkert annað er eftir af því.

Norðan við syðstu steinaröðina fundust engar leifar af torfi eins og vænta mátti. Engin skýring finnst á þessu atriði. Bendir það til þess að syðsta steinaröðin sé alls ekki hluti af áður nefndu mannvirki heldur kunni að vera túngarður eins og sjá má á túnakorti frá byrjun 20. aldar (sjá mynd 1). Vandamálið við þessa túlkun er að sléttu hliðarnar á steinum snúa mót suðri sem þýðir að torfið hefði þá átt að vera norðan við steinana.

Til greina kemur að þarna hafi útihús staðið, t.d. skepnuhús, og tunnan hafi verið til að brynna skepnunum. Ef um sáfar var að ræða í horninu þá hefur mögulega hjáleiga staðið þarna, en sáir stóðu alla jafna í bæjarhúsum. Hugsanlega er þetta húsið sem torfflyksurnar með gjóskunni úr Örafajökli 1362 eru í?

Þegar búið var að grafa nær allt þetta unga mannvirki í burtu kom veggur næst elsta hússins vel í ljós og sömuleiðis dyr sem voru á honum mót suðri. Voru þær um 1 m á breidd og út úr veggnum að vestanverðu var dálítill tota eða kampur sem oft sést á dyrum húsa. Hlutverk kampsins hefur verið að skýla dyrunum fyrir suðaustanáttinni.



Mynd 9. Hinar meintu dyr í húsi 2, eða hluti af innréttingu í húsi 3, í NA - horni reitar B. Innan við mannvirkið má sjá hellur sem hafa legið í gólfi hússins. (Stafrænar myndir nr. 124. Horf mót SV. Ljósm. BFE 2016).



Mynd 10. Hellulögnin í reit B hvers hlutverk er ekki á hreinu, en hugsanlega óvenjulega breiður langeldur. Horft er beint niður á hellurnar. (Hluti af drónamynd. Ljósm. BFE 2016).

Á móti dyrunum í reitnum voru vísbendingar um aðrar dyr sem voru afmarkaðar með grjóti (sjá mynd 9). Þó kemur til greina að þetta sé mannvirki eða innrétting í húsi 3 sem er öllu líklegra. Innan við mannvirkið lágu stórar hellur sem eru trúlega hellulagt gólf þess húss sem þetta mannvirki tilheyrði. Nánari rannsókn varpar vonandi ljósi á þetta.

Eins var í þessum reit og hinum fyrri að gólfið í næstelsta húsinu virðist slitrótt og erfitt að greina það frá elsta gólfinu. Voru gólfin því sem næst eins að innihaldi og lýst var hér að framan í reit A.

Í miðju elsta hússins, upp við austursnið voru sótugar hellur á gólfi sem minntu á langeld (sjá mynd 10). Þetta mannvirki var þó breiðara en langeldar eru yfirleitt, en það var um 1 m á breidd og undir því var holrými sem ekki vannst tími til að skoða nánar. Hluti af þessu mannvirki liggur undir ógröfnum bakka á milli reita A og B og er því ekki rannsakað til fulls enn.

Í reit B voru samtals 64 fundanúmer skráð. Fyrstu gripirnir sem fundust voru nagli og silfurvafningur (gangsilfur) sem fundust í fyllingu elstu húsanna tveggja. Slíkir silfurgripir voru notaðir sem gjaldmiðill í viðskiptum eða sem íblöndunarefni við málmbræðslur. Upphaflega hefur gripurinn verið hluti af armbandi eða öðru skarti.

Aðrir gripir sem fundust voru fjórir morknir klébergsmolar úr sama keraldinu. Fundust þeir í gólfi (næst elsta hússins?) og voru tveir þeirra með gati. Einnig fundust níu naglar (þar af einn haus og einn bátssaumur), fjórar járnskinnur (ein óviss), ein löm úr járn, einn hnífur og 27 ógreinanlegir járnsmolar. Þá má nefna sex flögur og kjarna úr jaspis og glerhalli, einn eldsláttustein úr glerhalli, eina koparflögu og sex - sjö perlur (úr gleri, bergkristal og sandsteini. Ein perla er líklega í tveimur brotum undir tveimur númerum), eitt brýni úr erlendu flögubergi, tvær hringlaga slegnar skífur úr innlendum steini, tveir snældusnúðar (annar fannst á milli steina í næstelsta húsinu og hinn var í tveimur brotum og er sennilega úr elsta húsinu), einn hringlaga gripur úr silfri eða blýi með bræddu grænu gleri (skart?), níu brot úr meintri deiglu (tvö fundanúmer, 142 og 148), 16 gjallmolar, þrjár skrautsteinar (einn úr glerhalli og hinir úr ógreindum steini) og ein arabísk mynt úr gólfi næstelsta hússins frá 892 - 907 eða 914 - 943.

Eitt sýni var tekið úr reitnum (sýni 6), en það var viðarkolasýni. Viðargreiningin leiddi í ljós að um birki og þriggja ára víði var að ræða. Molar úr víði voru sendir áfram í C-14 greiningu.

Reitur C

Reiturinn var tvo m vestur af reit B, en hnikað til um tvo m til suðurs. Mjög lítið var hægt að nota vélgröfu í þessum reit vegna þess hve stutt var niður á fyrstu mannvirkin, en það var veggur úr torfi með steinaröðum báðum megin. Veggur er í þriðja elsta húsinu sem var skráð (Hús 1) og sést hugsanlega í reit B. Sunnan við torfvegginn var svæðið mjög illa farið vegna flóðs sem hefur verið í Þverá úr Jafnadal. Var það svæði ekki kannað nánar að svo stöddu hvað sem síðar kann að verða. Um aldur Húss 1 verður



Mynd 11. Fasi 8 í reit C. Í miðjum reitnum er torfveggurinn (lóðréttur), með grjóti við kantana. Uppi t.h. má sjá ofninn í þessu húsi, Húsi 1. Svarti bletturinn er mannvistarlagssletta (viðarkol, sót og aska). Húsið er byggt fyrir 1362. (Drónamyndir. Ljós. BFE 2016).

ekki annað sagt en að það er eldra en 1362. Ekkert fannst af gripum sem varpað gat skýrara ljósi á hann. Gjóska frá 1362 og 1477 liggja yfir það og er húsið því eldra en þessi gos tvö. Víða mátti sjá gjóskur þessar úr umræddum gosum liggja að veggnum og líklega einnig í meintri loftrás sem sást í torfveggnum.

Norðan við vegginn inni í húsinu var komið niður á grjóthrégu sem í voru talsvert af soðsteinum (brenndum steinum) og lítið eitt af mýrarrauða sem sýni var tekið úr (sýni 3). Sunnan við hrúguna voru vísbendingar um rás í gegnum torfvegginn. Líklega er hér um loftrás að ræða, en slíkar loftrásir hafa verið að finnast á síðustu árum, eins og í Hólmi í Nesjum og fleiri stöðum (Bjarni F. Einarsson 2015:228 o.áfr). Flestar eru þó í beinum tengslum við eldstæði eða ofna, en þó er undantekning þar á og það er í einu húsanna á Þjótanda við Þjórsá í Árnessýslu. (Sami 2015:230). Norðan við hrúguna kom í ljós eldstæði eða ofn upp við sniðið sem byggður var upp af steinum á þrjá vegu með opi til suðurs. Breidd hans var um 0,6 m, lengdin liggur ekki endanlega fyrir, en virðist hafa verið svipuð. Slíkir ofnar standa nær alltaf við vegg og snúa opunum inn í rýmin. Ofninn var fullur af viðarkolum, ösku og sóti eins og vænta mátti.




Mynd 12. Horft niður á ofninn í reit C. Svörtu flekkirnir eru efsti hluti fyllingarinnar í ofninum sem var kolasalli. (Stafrænar myndir nr. 185. Ljós. BFE 2016).



Mynd 13. Flatarteikning af reitum A - C sem rannsakaðir voru. Myndin sýnir fasa 7/8, eða síðustu fasana sem grafnir voru. Myndin sýnir öll húsin og mannvirki syðst í reit B, sem er annaðhvort ónúmerað hús eða túngarður. Líklegra er að þetta séu leifar af húsi, sem er yngra en 1362 eða 1477.

Ekki fannst neitt öruggt gólf, þó vísbendingar um það hafi fundist sem smáar skellur með viðarkolum, sóti og ösku hér og hvar. Hugsanlega þarf að grafa dýpra til að finna gólfið.

Ef ofninn hefur staðið upp við vegg þá hefur húsið verið rétt rúmir 3 m á breidd.



Mynd 14. Hús 1, smiðja, í reit C. Það sem er litað tilheyrir húsinu þó með fyrirvara um að grjóthrúgurnar tvær kunni að vera yngri. Ofninn er ekki teiknaður á þessa mynd (sjá mynd 12 og 13), en ekki er alveg öruggt að hann sé tengdur grjóthrúgunum tveim.

Samtals voru 29 fundanúmer skráð í reitnum. Fyrsti gripurinn sem fannst var lykill úr járn sem virtist ekki ýkja gamall. Aðrir gripir úr járninu voru einn hnífur?, einn nagli og tveir ógreinanlegir járnsmolar. Talsvert af járninu voru ógreinanlegir smolar eins og títt er um járngrípi við fornleifarannsóknir.

Einnig fundust sex stórir klébergsmolar úr sömu grýtunni sem hefur verið stór. Allir utan einn voru með boruðu gati sem geta hafa verið hluti af upphengibúnaði. Stærsta brotið var 108 g og það minnsta 51,4 g, 11 flögur og kjarnar úr glerhalli og jaspis, einn ósleginn glerhallur, einn meintur steinhamar eða myljari, fjórir gjallmolar, tvö brýni (eitt í þrem hlutum), eitt heinbrýni, einn aflsteinn úr fýsibelg og eitt lítið bein, hugsanlega úr fugli.

5 Hús 1 - 3

Allavega þrjú hús komu í ljós við rannsóknirnar í Stöð og hugsanlega hluti af túngarði eða enn einu húsinu. Verður þeim öruggu nú gefið númer í aldursröð og byrjað á því yngsta.

Hús 1, smiðja

Hús 1 kom hugsanlega í ljós í reit B og var örugglega í reit C. Húsið er hugsanlega á kafla illa farið og hefur líklega orðið ýtu að bráð í byrjun síðustu aldar. Vísbendingar eru um að SA - horn hússins sé í reit B, þar sem það hefur gengið yfir vegg næst elsta hússins, eða Húss 2. Úr því verður skorið á næsta sumri ef allt gengur eftir.

Veggur hússins sem komið hefur í ljós er úr torfi, með steinaröðum bæði að innan- og utanverðu. Innri steinaröðin var talsvert gisnari en sú ytri. Veggurinn er býsna breiður, eða um 2,3 m þar sem mest var í reit C, sem telst breitt, en svo breiðir eru veggir í



Mynd 15. Lykill sem fannst snemma í reit C. Hann er ungur og er ekki hluti af gripum þeirra húsa sem fundist hafa. (Fnr. 2. Ljósm. BFE 2016).



Mynd 16. Marinn steinn sem hugsanlega hefur þjónað sem myljari (mala korn, merja mýrarrauða eða járn, litunarefni, harðfisk o.s.frv.). Hann fannst í húsi 1. (Fnr. 25. Ljósm. BFE 2016).



Mynd 17. Heinbrýni úr erlendu flögubergi (norsku?). Tvö göt eru á brýninu sem bendir til þess að það hafi brotnað um annað gatið og þá verið borað nýtt svo gripurinn gæti haldið áfram að þjóna hlutverki sínu. Það var til dæmis til að brýna nálar af ýmsu tagi. Heinbrýni virðast ekki ná langt inn í miðaldir. Lengdin er um fimm sm. (Fnr. 27. Ljóms. BFE 2016).

landnámshúsum ekki, en veggir miðaldahúsa eru það stundum. Veggurinn er gerður í þverstreng og lítur öðruvísi út en eldri veggirnir hvað litarhaft varðar. Í honum eru gjóskulög og járnrik lög sem ekki er að finna í hinum eldri veggjum þó sum laganna geri það. Virðist torfið skorið í mýri þar sem járn hefur sest til.

Ekki varð vart við eiginlegt gólf svo að öruggt sé, en það kann að vera aðeins dýpra á því í reit C en nú hefur verið grafið og sé svo hefur það ekki náð yfir í reit B, þar sem gólf Húss 1 eða 2 nær það hátt. Þá er hugsanlegt að A - veggur hússins sé í hinum ógrafna bakka á milli reita B og C. Ef Hús 3 nær ekki yfir í reit B, gæti gólfíð verið í sömu hæð og botn ofnsins (eldstæðisins) sem var við jaðar reitar C, en trúlega hefur ofninn tilheyrt þessu húsi. Á milli ofnsins og veggjarins var steinhrúga sem saman-stóð af eldsprungnum steinum (soð-steinum) og inn á milli voru einstakar slettur af mýrarrauða og viðarkolum. Nokkur hæðarmunur var á hrúgunni og ofninum, en hrúgan lá ofar í moldunum en ofninn. Þetta gæti verið vegna þess að ofninn og hrúgan eru hreinlega ekki samtíða. Minni hrúga í svipaðri hæð og sú áður nefnda var við torfvegginn í SA hluta reitarins. Þar voru minni eldsprungnir steinar, en ekkert frekar vitað um hlutverk þessarar litlu hrúgu.

Breidd hússins að innanverðu hefur verið rétt rúmlega þrjú m, en lengdin liggur ekki fyrir. Engar dyr hafa komið í ljós enn, né önnur mannvirki í húsinu sem skýrt getur frekar hlutverk þess. Ef marka má gripi þá sem í húsinu fundust þá hefur járnvinnsla af einhverju tagi farið fram í húsinu (ristun á mýrarrauða, blástursjárn úr mýrarrauða, járnsmíðar). Til þess benda m.a. mýrarrauðinn, myljarinn og aflsteinninn. Því þykir rétt að kalla húsið smiðju.

Hús 2

Veggur hússins var úr torfi með grjóthleðslum bæði að innanverðu og utanverðu í a.m.k. 2 - 3 lögum í báðum tilfellum. Í miðju veggjarins var kjarni úr mól, allavega að hluta. Þar sem þessi veggur sást lá hann beint



Mynd 18. Brot úr hefðbundnum brýni úr erlendu flögubergi (norsku?). Þetta er eitt og sama brýnið í þremur brotum. (Fnr. 28. Ljós. BFE 2016).



Mynd 19. Brot úr stórrí klébergsgrýtu. Nokkur brot úr einni og sömu grýtunni fundust í nágrenni þessa gripar, þó hann hafi ekki örugglega tilheyrt þeirri grýtu. Boraða gatið er trúlega til að festa upphengibúnaðinn á (Fnr. 87. Ljós. BFE 2016).

ofan á vegg elsta hússins og virtist sem hann hafi meðvitað verið lagður ofan á hann. Norðarlega í V - sniði reitar A, mátti sjá vísbendingu um að eldri veggurinn hafi verið sléttður og sá yngri settur beint ofan á hann og það er ekkert áfok á milli. Breidd veggja var um 1,6 m þar sem hann var breiðastur vestast í reit B. Breidd hússins að innanverðu er um 5,3 m. Viss tilhneiging er til þess að veggurinn víki af leið eldri veggjarins í vestanverðum reit B og að hann sé mun beinni en veggur eldra hússins (Húss 3). Líklega hefur Hús 1 verið byggt ofan í vesturhluta hússins og stytta það. Svárið við þessari spurningu liggur í bakkanum á milli reitanna.

Gólf hússins var mjög ógreinilegt, en þó mátti líklega sjá það í profuskurði frá 2015 fáeina sm ofan við gólfið í elsta húsinu (Húsi 3). Líklega hafa þess gólf runnið saman víðast hvar, eða að gólfin í yngri húsunum hafi hreinsað elsta gólfið í burtu þegar þau voru byggð eða aðrar athafnir í yngri húsunum hafi eytt gólfinu. Engin mannvirki var hægt að tengja við Hús 2 önnur en hugsanlegar dyr eða mannvirki sem var við norður langvegginn mót NA og hellur innan við þær. Þetta liggur þó ekki endanlega fyrir enn sem komið er. Húsið gæti einnig hafa deilt dyrum á sama stað og elsta húsið og er það mjög líklegt.

Gólfið var fullt af viðarkolum, sóti og ösku sem bendir til þess að í því hafi verið eldstæði, en slíkt hefur ekki enn fundist.

Hús 3, skáli


Veggir hússins lágu beint undir yngra húsi eins og áður hefur komið fram. Voru þeir að mestu leyti jafn breiðir en munurinn á þeim var sá að ekkert grjót var í vegg elsta hússins.

Norðurveggurinn var byggður nánast beint ofan á mól sem líklega var forsöguleg skriða úr fjallinu. Gólfið var að mestu sömuleiðis nánast beint ofan á þessu lagi.

Veikar vísbendingar voru um að í norðurhluta hússins hafi verið set eða bekkir vegna hallans sem þar var á gólfinu. Var þetta meinta set einnig nánast beint ofan á skriðunni og hefur verið mokað þar til í þeim tilgangi að lækka þar gólfið innan við vegginn. Engar slíkar vísbendingar sástu í suðurhlutanum, en miðja hússins virðist liggja lægra sem gefur fyrirheit um set.



Mynd 20. Aflsteinn sem fannst í stærri grjóthrúgunni í Húsi 1. Gatið er kónískt og sést hér breiðari hlutinn, en hitt var um helmingi þrengra og það hefur snúið að hitanum, enda er þetta hugsanlega hluti af fýsibelg í járnsmiðju. (Fnr. 155. Ljós. BFE 2016).



Mynd 21. Hús 2. Það sem er litað tilheyrir því. Gólfín í reit A og B eru ekki örugglega úr húsi 2, gætu einnig verið úr húsi 3 eða báðum húsunum vegna samruna. Einnig er hugsanlegt að dökk gráu steinarnir og milligráu hellurnar innan við þá í NA - horni reitar B sé í raun hluti af innréttingu í húsi 3.

Breidd hússins að innanverðu hefur verið hin sama og Húss 2, eða um 5,3 m. Telst þetta vera í breiðari kantinum fyrir skála á Íslandi. Skálinn á Granastöðum var t.d. 5,4 m á breidd (Bjarni F. Einarsson 1995), eldri skálinn í Hólmi í Nesjum var 3,8 m breiður en sá yngri 4,8 m (Bjarni F. Einarsson 2015), skálinn í Vogu var 4,1 m á breidd (Bjarni F. Einarsson 2011) og skálarnir í Herjólfssdal voru á bilinu 3,4 - 3,5 m breiðir (Margrét Hermanns-Auðardóttir 1989), en það sver sig nokkuð í ætt við 11. og 12.

aldar skála eins og á Þjótanda, en þar voru þeir 2,2 - 3,4 m á breidd (Bjarni F. Einarsson o.fl. 2009 og 2011) og í Sveigakoti 1, en þar var skálinn 3,5 m breiður. (Milek 2003). Þó nokkrir skálar eru breiðari og jafnvel mun breiðari eins og á Ísleifsstöðum, eldri skálinn, en hann var 5,6 m á breidd (Stenberger 1943), skálinn í Aðalstræti 14 - 16 var 5,8 m (Milek 2006), á Hofstöðum í Mývatnssveit var skálinn 6 m (Lucas 2009) og í Hvítárholti var sá breiðasti 6,25 m á breidd. (Þór Magnússon 1973).

Í gólfinu voru þrjár pinnaholur. Ein við norðurvegginn og tvær við suðurvegginn. Líklega mun þeim fjölga þegar grafið verður niður úr gólfinu. Þessar pinnaholur geta hafa verið hluti af innri innréttingu í húsinu svo sem set, pallar eða aðrar óþekktar innréttingar.

Á suðurvegg voru líklega dyr, sem einnig voru í Húsi 2 á sama stað og sóttug hellulögn austast í reit B sem svipaði um margt til langeldar var líklega hluti af þessu húsi.

Hugsanleg lengd skálans gæti verið um 20 m ef marka má vísbendingar í síðasta fasa uppgrافتarins.

6 Gripir

Talsvert fannst af gripum við rannsóknirnar eins og getið er í umfjöllun um reitina þrjá, A - C, en samtals voru 159 fundanúmer skráð og undir sumum þeirra leynast fleiri en einn gripur. Má þar einkum nefna tíu perlur (í raun níu, ein í tveimur brotum undir tveimur númerum), snúinn silfurtein (gangsulfur), silfurhring, málmgrip (blý?) með grænu gleri, koparmen með gati sem gæti hafa verið rómverskur peningur og arabískan pening (mynt) sem líklega var sleginn fyrir Ismā'īl ibn Aḥmad 892 - 907 eða Naṣr ibn Aḥmad 914 - 943.¹ Þeir réðu Samanids veldinu í Austur-Íran og næstu nágrannaríkjum. Penningurinn var sleginn af myntsláttunni al-Shash. Einnig fannst nokkuð af slegnum jaspis og glerhöllum.

Perlur eru frekar algengir gripir í híbýlum manna og kumlum á fyrstu



Mynd 22. Snældusnúðurinn sem fannst í Húsi 2. Var hann á milli steina í suðurvegg hússins eða undir efstu steinaröðinni. Það merkilega við staðsetninguna var að hann var í innanverðum veggnum, þ.e.a.s. hefur ekki verið sýnilegur inni í húsinu. Þetta gæti bent til þess að um svokallaða húsförn hafi verið að ræða. Snúðurinn er um 5 sm í þvermál og 85 g á þyngd. Telst hann vera nokkuð stór og af A eða B gerð (Fnr. 9. Ljós. BFE 2016).



Mynd 23. Gangsilfur upp á 0,9 g. Silfrið fannst í hreyfðu lagi rétt innan við suðurvegginn í Húsi 2. Er þetta snúinn stendur teinn sem upphaflega gat hafa þjónað sem skart, svo sem armaugur eða hálsfesti. (Fnr. 6. Ljós. BFE 2016).

¹ Penningurinn er illa farinn og greiningin því með fyrirvara. Til greina kæmi einnig eldri peningur frá sama svæði. Slíkir peningar tóku að berast þegar um 800, líklega eitthvað fyrr, og sem dæmi hafa fundist 80 þús. arabískar myntir í Svíþjóð einni, einkum á Gotlandi (Vikingatidens ABC 1995:125).

Flestar perlur á einum stað, fyrir utan Afréttarskrað og kuml, fundust í Hrísbú í Mosfellsdal í Gullbringusýslu. Þar fundust samtals 40 perlur og 34 þeirra í skálanum. (Zori o.fl. 2013:156). Í skálanum fundust hvorki færri né fleiri en 38 gólflög sem voru afrakstur langrar búsetu sem gerir rétt rúmlega eina perlu í hverju gólflagi að meðaltali.

Næst flestar perlur á einu bæjarstæði fundust á Hofstöðum í Mývatnssveit, en þar fundust 28 perlur (Lucas 2009:309). Þar var fjöldi gólflaga einnig allnokkur sökum langrar búsetu. Þessir tveir staðir skera sig dálítið úr hvað fjölda perlna varðar og eru á pari við stærsta skála sem rannsakaður hefur verið í heiminum, Borg á Lofoten í N - Noregi, en þar fundust 36 perlur á öllu rannsóknarsvæðinu og 14 í sjálfum skálanum í afar mörgum gólflögum, en líftími bæjarins voru heil 600 ár. (Johansen, o.fl. 2003:34).

Í landnámsminjum í Lækjargötu hafa fundist 23 perlur, en þar voru aðstæður öðruvísi en á öðrum landnámsstöðum, en húsin brunnu. (Munnl. heimild Lisabet Guðmundsdóttir 2016).

Á Granastöðum á Eyjafjarðardal frá 10. öld fundust sex perlur og þar af voru tvær í skálanum. (Bjarni F. Einarsson 1995:130). Í Vogu í Reykjanesbæ voru perlurnar aðeins þrjár, en Vogur er túlkaður sem útstöð frá N - Evrópu rétt eins og elstu minjarnar á Stöð eru eins og staðan er núna.

Tíu perlur á einum stað telst því vera býsna mikið þó húsin sem þær finnast í séu tvö. Aðrir gripir benda einnig til þess að um talsvert ríkidæmi hafi verið að ræða eins og hinn snúni silfurteinn, silfurhringurinn og skartið með græna glerinu.

Aðeins einn annan grip frá Íslandi þekkir höfundur sem er álíkrar gerðar og er það kross úr kumlinu í Vatnsdal í Patreksfirði, en hann var talinn úr blýi með smeltum grænum krossi úr gleri í miðjunni (Þór Magnússon 1967). Nú er þess að geta að blý hefur lægra bræðslumark en gler og því kemur það ekki til greina að um smelt hafi verið að ræða. Hugsanlegt er þó að í báðum



Mynd 25. Fjórir klébergsmolar af sama kerinu. Á tveimur molum má sjá gat. Molarnir eru býsna morknir en sýna þó að kerid hefur verið stórt og kröftugt með allt að tveggja sm þykkum veggjum. Fyrirvari er gerður á því hvoru húsinu þeir fundust í, Húsi 2 eða 3. (Fnr. 126. Ljós. BFE 2016).



Mynd 26. Arabískur peningurinn sem fannst á Stöð. Ekki er nú hægt að skera úr um í hvoru húsinu hann fannst, Húsi 2 eða 3, þó Hús 2 sé líklegri fundastaður vegna C-14 niðurstaðnanna. (Fnr. 153. Ljós. Sandra Sif Einarsdóttir, Þjóðminjasafni Íslands).

tilvikum hafi blýið fyrst verið mótað og tilbúið glerið sett í á eftir og slegið eða hnoðað samann svo það hafi fallið vel að glerinu.

Blýgripurinn frá Stöð gæti hafa verið á baugfingri, en losnað af honum. Silfurhringurinn sem áður er nefndur gæti hafa verið sá hringur, þó ekki sé það víst, því upprunalega getur hann hafa verið hluti af hálsfesti, þar sem silfurhringurinn hékk á festinni með sérstakri perlu eða öðru skarti hangandi á hringnum. Þegar hann kom á Stöð hafði hann líklega fengið nýtt hlutverk, þ.e.a.s. gangsilfur eins og teinninn og myntin.

Arabískir peningar eru ekki algengir hér á landi. Tveir slíkir (kúfískir/arabískir) peningar fundust árið 1837 og voru þeir sendir til Þjóðminjasafns Danmerkur (og Íslands) árið 1840 og eru þar enn. Talið er að þeir hafi fundist í Mjóadal í Norðurárhreppi í Borgarbyggð (Kristján Eldjárn 1956:368. 2000:102-3. sarpur.is). Var annar sleginn árið 917 - 18 og hinn 926 - 27. Báðir þeirra voru með gati við röndina og hafa því verið notaðir sem men eftir að þeir luku fyrra hlutverki sínu.


Í einum fjögurra silfursjóða sem fundist hafa á Íslandi, í Gaulverjabæ í Gaulverjabæjarhreppi í Árnessýslu fundust fimm kúfískir peningar árið 1930. Í sjóðnum voru samtals 360 peningar af ýmsum gerðum. (Kristján Eldjárn 1956:366). Peningarnir voru slegnir árin 869 - 942.

Árið 1952 fannst silfursjóður á Ketu í Skefilstaðahreppi í Skagafirði. (Kristján Eldjárn 1956:368). Í sjóðnum var gangsilfur eða bitasilfur og sex silfurpeningar. Fimm þeirra voru kúfískir og tveir þeirra ógreinanlegir. Tveir peningar voru slegnir árið 883-4 og einn 908 - 932.

Eitt forvitnilegasta kuml Íslands fannst árið 1964 og var það svokallað Vatnsdalskuml við Patreksfjörð sem minnst var á hér að framan. (Þór Magnússon 1967:20). Í því fannst m.a. einn kúfískur silfurpeningur, en



Mynd 27. Fimm af tíu (níu) perlum sem fundust á Stöð, auk silfurhringsins. Frá vinstri er kreolit perla (Fn. 19), þá græn glerperla með rauðu slöngumunstri (Fn. 26), perla úr bergkristal (Fn. 105), rauð perla úr sandsteini (Fn. 129) og að síðustu blá glerperla (Fn. 130). Kreolit perlan gæti verið komin alla leið frá Indlandi. Perlurnar fundust í Húsum 2 og 3. (Ljósm. BFE 2016)



Mynd 28. Skartið með græna glerinu. Fannst í húsi 2 eða 3. (Fn. 74. Ljósm. Sandra Sif Einarsdóttir, Þjóðminjasafni Íslands).

vegna þess hve eyddur hann er var ekki hægt að greina hann frekar, en þó talið að hann hafi verið sleginn einhverntímann á bilinu 850 - 900. Við röndina er borað gat sem sýnir að hann hefur verið notaður sem men eins og peningarnir frá Mjóadal og hinn meinti rómverski peningur frá Stöð til að nefna nokkra.

Eru þá arabískir/kúfískir peningar orðnir níu á Íslandi að peningnum frá Stöð meðtöldum og kúfiski peningurinn frá Stöð sá fyrsti sem finnst í híbýlum manna svo að vitað sé. Við þessa peninga má hugsanlega bæta hálfum silfurpeningi sem fannst á Bessastöðum árið 1996, en hann gæti verið kúfiskur. Ekki liggur fyrir í hvaða samhengi peningurinn fannst. (Nr. 1996-960-10. sarpur.is).

Utan við dyr aðalrústarinnar á Pálstóttum við Kárahjúka fundust tveir peningar úr koparblöndu árið 2005, báðir með götum, og voru þeir úr sláttu Haraldar harðráða sem ríkti árin 1047 - 1066. (Lucas 2007:27). Það er algengt að peningar sem finnast hér á landi séu með götum eins og áður hefur komið fram. Þeir hafa með öðrum orðum fengið nýtt hlutverk og orðið að skarti. Við uppblásnar rústir í Hrossatungum í Þjórsárdal fannst saxneskur peningur sem gæti hafa verið inni í híbýlum. Aðrir peningar af öllum gerðum frá víkingaöld eru annaðhvort lausafundir, úr kumlum eða að fundaaðstæður eru ókunnar.²

Þegar silfurmynt, gangsilfur og silfurhringur finnast saman, eins og á Stöð, getur það oft verið vísbending um að silfrið sé hluti af silfursjóð sem notaður var sem gjaldmiðill. Slíkir sjóðir voru iðulega faldir í gölfum híbýla og þá gætu fleiri síflurgripir fundist þegar gölfin í húsunum verða grafin til hlítar. Þó það sé ekki líklegt, verður að gera ráð fyrir því að það gæti verið. Í silfursjóðunum frá Ketu í Skagafirði,



Mynd 29. Flaga úr marglitum jaspis, einkum ljósbrúnum. Sjá má slagbólu t.v. á gripnum og sömuleiðis úr hvaða átt var slegið. Fannst í Húsi 2 eða 3. (Fnr. 38. Ljós. BFE 2016).



Mynd 30. Kjarni úr brúnum jaspis. Sjá má negatífur flaga niðri á steininum. Fannst í Húsi 2 eða 3. (Fnr. 93. Ljós. BFE 2016).

² Hugsanlegt er að fleiri víkingaaldar peningar hafi fundist á Íslandi, en um þá hafa ekki birst greinar eða finnast þeim stað í Sarpi, gagnagrunni Þjóðminjasafns Íslands.


Miðhúsum á Héraði og Sandmúla í Bárðadal (Kristján Eldjárn 1956:367-68) voru margir stubbar af ámóta silfri og frá Stöð, stundum sívalir og ósnúnir, stundum strendir, bæði snúnir og ósnúnir og að lokum vafningar úr tveimur teinum eða þáttum. Sex silfurhringar fundust einnig í Sandmúla og einn lítill á Miðhúsum.

Sjóðurinn frá Ketu fannst á 2,5 m dýpi á bæjarstæðinu sjálfu árið 1952. Um frekari fundaaðstæður vitum við lítt. Sjóðurinn frá Sandmúla fannst í gjörblásnu bæjarstæði fornbylis árið 1908 (sarpur.is. gangsilfur). Með öðrum orðum er vel hugsanlegt að þeir hafi einnig verið grafnir niður í gólf híbýlanna.

Ein forvitnilegasta gripagerðin á Stöð voru slegnir jaspismolar, glerhallar eða ópalmolar. Var um svokallaða kjarna eða flögur að ræða sem slegnar hafa verið á einbeittan hátt til að ná fram ákveðnum eiginleikum sem leitast var eftir, svo sem skerandi eða skrapandi eiginleikum og til eldsláttu. Stefnt er að því að rannsaka þessa gripi frekar með slitsporagreiningu, en verkinu mun Kalle Thorsberg ásláttufræðingur sinna. Gripir af þessu tagi hafa fundist á all mörgum stöðum og greinilegt að þessi tækni hefur lifað á meðal norrænna manna lengur en áður hefur verið talið. Fyrstu vísbendingarnar um þetta á Íslandi eru frá Granastöðum á Eyjafjarðardal sem rannsakaðir voru 1987 - 1991 (Bjarni F. Einarsson 1989 og 1995). Þá var einkum um hrafntinnu að ræða.

Yfirleitt eru beinafundir margir þegar grafið er í landnámsminjum hér á landi, sem erlendis. Því vekur það athygli að bein finnast því sem næst ekki á Stöð, hvorki húsdýrabein né önnur bein. Annaðhvort stafar það af því að varðveisluskilyrði eru beinum óhagstæð, t.d. vegna þess að jarðvegur er súr, eða að umhirða dýra hefur ekki átt sér stað á staðnum, hvorki húsdýrahald né vinna við villt dýr. Á þessu stigi málsins liggur ekki fyrir hvert sýrustig staðarins er, en það verður kannað á næsta ári.

Einnig er athyglisvert að tóvinnuáhöld eins og kljáststeinar og vefjaskeiðar hafa



Mynd 31. Kjarni úr rauðum jaspis. Þessi steinn er nær örugglega eldsláttusteinn af nokkuð algengri gerð sem nefnist eólítar á erlendum tungumálum. Það eru steinar sem líkjast tinnuöxum frá steinöld, en tinnuaxir töldu menn að til hefðu orðið þegar guð þruma og eldinga, sjálfur Þór, fór



Mynd 32. Snældusnúðurinn sem fannst í Húsi 3. Hann fannst í tveimur brotum og var um 1,5 m á milli brotanna þar sem þau fundust. Samtals er þyngdin 59,3 g sem þýðir að hann hefur einnig verið nokkuð þungur eða rúmlega 100 g. Hann er af B gerð. (Fnr. 77 og 128. Ljósm. BFE 2016).

ekki fundist á Stöð. Aðeins tveir snældusnúðar hafa fundist og er annar þeirra úr yngra húsinu og hinn úr því eldra. Minnir þessi fundaflóra á Vog í Höfnum (Bjarni F. Einarsson 2011) og L'Anse aux Meadows (Birgitta Wallace 2006) á Nýfundnalandi sem báðir eru túlkaðir sem útstöðvar norræna manna sem búið hafa annarsstaðar. Á báðum stöðunum fannst aðeins einn snældusnúður, sömu gerðar báðir tveir og báðir úr klébergi.

Beinaþurrðin á Stöð er sömuleiðis sérstök. Annaðhvort valda umhverfisþættir því að þau finnast ekki, eins og t.d. hátt sýrustig sem eyða beinum, eða að þau voru aldrei mörg á Stöð. Í Voggi fannst afar lítið af húsdýrabeinum en engin í L'Anse aux Meadows. Ekki er nein þekkt ástæða fyrir beinaþurrðinni í Voggi, því þar er jarðvegur býsna basískur. Í stað húsdýrabeina í L'Anse aux Meadows fundust mörg selabein og varðveislan var ágæt.

Án húsdýra hefur ekki verið hefðbundinn búrekstur á Stöð, heldur hefur staðurinn haft öðru hlutverki að gegna og þá er líklegt að það hlutverk hafi verið að nýta þær auðlindir sem staðurinn bauð upp á. Auðlindir sem fluttar voru úr landi eftir að þeim hafði verið safnað saman í nágrenni Stöðvar og fjarðarins. Þar hafa þær líklega verið unnar að einhverju leiti og þar eru þá beinin.

Í suður - vegg hússins í reit B fannst hefðbundinn snældusnúður úr steini (líklega íslenskur, sjá mynd 22), en það sem var athyglisvert við hann var staðsetningin. Hann var á milli efstu og næstefstu steinaraðar innan í veggnum. Þar getur hann varla hafa lent fyrir tilviljun og þá kemur til greina að um húsfórn hafi verið að ræða. Þegar húsið var í byggingu hefur einhver smeygt snældusnúð innan í vegginn á milli steins og torfsins og að endingu hefur hann legið þarna án þess að sjást. Slíkar húsfórnrir eru býsna algengar á Norðurlöndum og víðar, en ekki á Íslandi, enn sem komið er. Ástæðan er líklega sú að rannsóknaraðferðirnar hafa



Mynd 33. Skífa úr íslensku bergi, sem er slegin til allan hringinn. Fannst í húsi 2. (Fnr. 17. Ljós. BFE 2016).



Mynd 34. Hin skífan frá Stöð, ögn minni. Fannst í Húsi 2 eða 3. (Fnr. 70. Ljós. BFE 2016).

ekki boðið upp á slíka fundi annarsvegar og hinsvegar hafa fræðimenn ekki haft þennan möguleika í huga. Dæmi um slíkar húsfórnir gætu t.d. verið herðablað og hryggjarliður úr rostungi í Aðalstræti 14 - 18 (McGovern [2011]:12) og búrhvalstönn í Vogu (Bjarni F. Einarsson 2009:12). Húsið í Aðalstræti er yngra en Hús 2 á Stöð.

Eins og títt er um forn híbýli fólks fundust margir járngrípjar af ýmsum gerðum, svo sem naglar, skinnur, hnoð, hnífur og annað ógreinanlegt járn. Samtals voru 67 fundanúmer skráð undir efniviðnum járn. Á meðal þessara gripa voru tveir meintir bátsaumar, en slíkir naglar eru erfiðir í greiningu vegna þess að saumur var notaður í fleira en báta, svo sem kistla og aðrar innréttingar. Ekki var hægt að ákvarða úr hvoru húsinu hann var, en líkur eru til þess að það hafi verið Hús 3, elsta húsið.

Í Húsum 2 og 3 fundust þrjár skrautsteinar, en það eru lábarðir steinar sem greinilega hafa verið týndir upp og bornir inn í hús af fólki. Þetta er lág tala miðað við marga aðra forna staði, en nú var grisjun harðari en öllu jafna og öllum vafagemsum sleppt. Skrautsteinar geta verið úr ýmsum bergtegundum svo sem glerhalli, basalti og erlendu bergi svo einhverjar séu nefndar. Hlutverk þeirra var að létta fólki tilveruna á einn eða annan hátt og það gerðu þeir ef því var trúað að þeir gætu það. Dæmi um slíka steina eru t.d. svokallaðir lausnarsteinar sem voru hjálplegir við fæðingar. (Bjarni F. Einarsson 2015:261-67).

Hin meintu deiglubrot sem fundust í reit B (Fnr. 142 og 148) sýna að málmbræðsla hefur farið fram á staðnum. Þá er mögulegt að silfrið tengist því á þann hátt að það hefur verið notað sem íblöndunarefni í málmbræðslur, sem og hinn meinti rómverski koparpeningur.

Tálgaður steinn úr íslenskum rauðum sandsteini (Fnr. 117) hefur verið túlkaður sem möguleg tafla úr hnefatafli, en töflur er gjarnan að finna í fornum híbýlum fólks. Formið á gripnum er þó alls ekki dæmigert form fyrir töflu, en ekki ósvipaður gripur fannst á Granastöðum á Eyjafjarðardal



Mynd 35. Meintur bátsaumur úr reit A, líklega úr húsi 3. Saumurinn er rúmlega þrjár sm á lengd. (Fnr. 16. Ljósm. BFE 2016).




Mynd 36. Skrautsteinn. Líklega úr glerhalli. Fannst undir hellunni sem voru í reit B, sunnan við meintar dyr eða innréttingu. Þrjár svokallaðir skrautsteinar fundust við rannsóknirnar og allir í reit B. (Fnr. 127. Ljósm. BFE 2016).

og var hann túlkaður sem hluti af einhverju spili. Á honum var párað X eða +. (Sami 1995:121).


